



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

77. tölublað 7. árgangur, maí 2019 Ábyrgðarmaður: Jónína Garðarsdóttir

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Heilir og sælir foreldrar!

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn. Nú er sjöunda starfsár skólans senn á enda og hefur starfið verið fjölbreytt og uppbyggilegt á flestan hátt. Framundan er vormánuður sem inniheldur m.a. námsmat grunnskólastigs, foreldraviðtöl leikskólastigs, sveitaferð, vorferð eldri nemenda, ruslatínslu, vorhátíð, hjóladag og Unicef hlaup. Nóg er að gera í Árskógar skóla að vanda.


Bestu kveðjur frá skólastjórnendum, Hjördísi Jónu og Jónínu

## Breytingar meðal starfsmanna

Frá og með 1. maí mun Hanna Gerður leikskólakennari fara í veikindaleyfi um óákveðinn tíma en Alda Rós mun leysa hana af. Við óskum Hönnu Gerði góðs bata. Í apríl voru stöður umsjónarkennara á grunnskólastigi auglýstar. Í næstu viku verður gengið frá ráðningu þeirra.

## Sveitaferð

Leikskólastigið stefnir á sveitaferð í mánuðinum. Dagsetningin er ekki alveg komin á hreint ennþá en hún verður vel auglýst. Stefnt verður á að hafa fyrirkomulagið eins og undanfarin ár og fara á Hámundastaði. Mikilvægt er að allir hafi stígvél og pollaföt meðferðis þennan daginn. Foreldrar eru velkomnir að koma og hitta okkur á staðnum en því miður getum við ekki boðið upp á far með rúttunni.



## Hjóladagur, ruslatínsla, leikir og sveitaferð



Í maí höfum við brotið upp hefðbundna kennslu og notið þess að vera meira utandyra eins og kemur fram hér að framan. Það ætlum við einnig að gera nú en ætlum okkur að velja góðviðrisdaga. Við munum festa suma viðburði á dagsetningar eins og sjá má á dagatalinu hér að neðan en verðum þó sveigjanleg ef veður er ekki ákjósanlegt.

## Uppsagnarfrestur

Ykkur til áminningar þá þarf ekki að segja upp fyrir börn sem eru á Kötlu koti og eru að byrja í 1. bekk í Árskógar skóla um haustið, ef þau hætta þegar sumarfrí hefst. Hins vegar ef börnin eiga að hætta á öðrum tíma gilda almennar uppsagnarreglur. Uppsagnarfrestur er einn mánuður og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Sé þetta ekki gert þarf að greiða fyrir mánuðinn.



**Einnig viljum við minna á að foreldrar barna fædd 2013 þurfa að fara inn á heimasíðu Dalvíkurbyggðar og innrita barn í grunnskóla. Æskilegt er að það fari fram núna í maí.**

# Viðburðadagatal apríl 2019

Mánudagur      Þriðjudagur      Miðvikudagur      Fimmtudagur      Föstudagur      **Laugardagur**      **Sunnudagur**

		1. <b>Frídagur</b> verkalýðsins <b>Lokað</b>	2.	3.	4. Sigurlaug Anna 5 ára 	5.
6. Námsmat grunnskólastigs hefst.	7.	8. Gæðastund í höndum leik- skólastigs	9.	10.	11.	12.
13.	14.	15. Gæðastund í höndum 4.-6. bekkjar.	16. Námsmat grunnskólastigs lýkur.	17. Unicef hlaup	18.	19.
20.	21.	22.	23.	24. Matsmöppur heim 1.-6. bekkur	25.	26.
27. Vorferð grunnskólastigs	28. Hjóladagur/ Fatasund	29. Skipulagsdagur Lokað	30. <b>Uppstign- ingardagur</b> <b>Lokað</b>	31. Grunnskólaslit kl. 10:00 Kötlu kot lokar kl. 12:00		